

Ed.

598. Framvarp

til laga um lánsheimild fyrir ríkisstjórnina.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði allt að 12000000 —
tölf miljóna — kr. lán.

2. gr.

Láni því, er í 1. gr. getur, er stjórninni heimilt að verja eftir því, sem með þarf samkvæmt ákvörðun eftirtaldrá laga:

Laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Laga nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnáamssjóð.

Laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun sildarbræðslustöðva.

Laga nr. 66, 7. maí 1928, um smíði og rekstur strandferðaskips.

Laga nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabrjefa.

Fjárlaga 1929, 23. gr. XIII.

Laga nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Laga nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, svo og laga þeirra, er samþykkt eru á Alþingi 1929, að því leyti sem þau fela í sjer heimildir til lántöku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Það er fyrirsjáanlegt, að ríkissjóður verður að taka lán til framkvæmda þeirra, sem ákveðnar eru í ýmsum þeim lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 1928, og einnig í lögum, sem yfirstandandi þing er að afgreiða.

Heimildir til lántöku til þessara framkvæmda felast í mörgum lögum. Er slíkt til mikilla óþæginda, þegar leitað er eftir láni í útlöndum. Hinsvegar myndi það greiða fyrir lánaumleitunum, ef allar þessar heimildir eru sameinaðar í einum lögum.

Því er þetta frumvarp flutt.